



Umhverfissáttmáli Ártúnsskóla



- Við göngum vel um náttúruna svo komandi kynslóðir geti notið auðlinda hennar.
- Við drögum úr mengun og eyðslu með því að ganga eða hjóla í skólann. Hreyfing er holl en útblástur bifreiða mengar.
- Við göngum vel um skólann okkar og nánasta umhverfi. Fagurt umhverfi ber vitni um fagurt mannlíf.
- Við forðumst óþarfa umbúðir eins og hægt er og drögum úr einnota umbúðum.
- Við drekkum vatn eða mjólk úr glasi eða brúsa í skólanum.
- Við flokkum rusl, nýtum pappír vel og spörum hann.
- Við spörum rafmagn og notum vatn í hófi.
- Við nýtum grenndarskóginn og umhverfi skólans til útikennslu og útivistar.
- Við gerum okkur grein fyrir því að við eigum ekki jörðina ein og ætlum þess vegna að umgangast hana af hófsemd og virðingu svo allir megi njóta gæða hennar.